

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 7. febrúar 2022
Mnr. 2022010108



ÍSAFJARÐARBÆR

Menningarfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Um árabíl hefur hluti að daglegum starfsskyldum upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar verið aðkoma að skipulagningu og framkvæmd hátíðahalda í sveitarfélaginu. Síðustu ár hefur starfssvið upplýsingafulltrúa þó breikkað mjög, með tilkomu meiri upplýsinga og fréttaskrifa á heimasíðu, nýrra lausna á vefsíðu og í skjalavörslukerfi/þjónustugátt, samfélagsmiðla og annarra stafrænna kerfa hjá sveitarfélaginu. Upplýsingafulltrúi hefur þá tekið að sér hlutverk stafræns leiðtoga auk þess að vera tengiliður milli starfsmanna, stofnana og íbúa sveitarfélagsins. Þá sér upplýsingafulltrúi jafnframt um fundaritun fyrir hafnarstjórn.

Á sama tíma hefur stefna sveitarfélagsins verið sú að auk veg ýmissa hátíða, menningarliða og viðburða, bæði sem haldnir eru á vegum einkaaðila, íþróttafélaga og opinberra aðila, s.s. með fjölgun styrkja til einstakra verkefna og aukins fjárs til úthlutunar menningarverkefna hjá menningarmálanefnd. Jafnframt er þörf á að tengja saman mismunandi hópa, starfsmenn og stofnanir/menningarhús til að ná sem mestum árangri á þessu sviði.

Ef auka á enn veg stafrænna lausna hjá sveitarfélaginu svo og hlut menningar og viðburða verður að telja tíma til kominn að endurskoða starfsmannþörf í þessi verkefni og/eða útvistun að einhverju leyti.

Er því lagt til við menningarmálanefnd að ræða lausnir og hugmyndir vegna þessa málefnis á fundi nefndarinnar.